

## **Reglur er varða niðurgreiðslu á þáttökugjöldum vegna íþróttá- og tómsundaiðkunar íbúa á aldrinum 67 ára og eldri.**

Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir íþróttá- og tómsundaiðkun íbúa á aldrinum 67 ára og eldri.

Frá 1. janúar 2018 er niðurgreiðslan vegna iðkenda sem fæddir eru á árinu 1951 eða fyrr.

Markmiðið með niðurgreiðslunum er að gera eldri íbúum í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþróttá- og tómsundastarfi óháð efnahag og að efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

Niðurgreiðsla er kr. 4000.- fyrir hvern iðkenda á mánuði eða allt að kr. 48.000 í heildargreiðslu á árinu.

Iðkendur verða að eiga lögheimili í bæjarfélaginu en sækja skal um niðurgreiðsluna í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar sem staðsett er að Strandgötu 6. Til að fá niðurgreiðsluna þarf að framvísa frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkenda.

Niðurgreiðslan er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánaða frá samþykkt. Mikilvægt er að greiðslukvittanir berist tímanlega fyrir hverja önn. Með önn er átt við vorönn (1. janúar – 31. maí), sumarönn (1. júní – 31. ágúst) og haustönn (frá 1. sept. – 31. des.). Aðeins er greitt fyrir eina önn aftur í tímenn. Berist greiðslukvittun ekki innan þessa tíma fellur greiðslan niður. Árgjald/félagsgjald er þó borgað í einu lagi gegn framvísun greiðslukvittunar.

### **Til þess að fá styrk vegna niðurgreiðslu þáttökugjalda þarf;**

- Iðkandi að eiga lögheimili í Hafnarfirði
- Verða 67 ára á árinu eða eldri.
- Stunda íþróttá/tómsunda starf sem stuðli að betri heilsu og hreysti
- Geta framvísað frumriti af greiðslukvittunum þáttökugjalds iðkanda.

Samþykkt í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 9. mars 2018

Samþykkt í Bæjarstjórn 14. mars 2018